# Námsmatshandbók

# Efnisyfirlit

Inngangur ... 3
Orðaskil ... 4
    Verkferlar við orðaskil ... 4
TRAS ... 5
    Verkferlar við TRAS ... 5
Hljóm-2 ... 6
    Verkferlar við Hljóm-2 ... 6
Ferilmappa ... 7
    Verkferlar við Ferilmöppu – er í vinnslu ... 7
Umhverfisgátlisti ... 9
    Verkferlar við umhverfisgátlista ... 9
Skógarbókin ... 10
    Verkferlar við skógarbók ... 10
Hreyfirþroskamat ... 11
    Verkferlar við hreyfiþroskamat ... 11
Skólaskil ... 12
Fylgiskjal 1 – kynningarbréf um Orðaskil ... 13
Fylgiskjal 2 – Excelskjal fyrir Orðaskilsútreikninga ... 14
Fylgiskjal 3 – niðurstöðublað til foreldra vegna Orðaskila ... 15
Fylgiskjal 4 – TRAS eyðublað ... 17
Fylgiskjal 5 – Niðurstöðublað til foreldra/skóla vegna Hljóm-2 ... 20
Fylgiskjal 6 – Skólaskilsblað ... 22
Fylgiskjal 7 – hreyfiþroskamat, grófhreyfingar ... 24

## Inngangur

Veturinn 2016-2018 tók starfsfólk leikskólans þátt í þróunarverkefninu „Mat á mörkum skólastiga" ásamt öllum leik- grunn- og framhaldsskólum í sveitarfélaginu Árborg. Þróunarstjórn hélt utan um verkefnið innan skólans og hana skipuðu: skipuðu Anna Gína Aagestad verkefnastjóri útikennslu, Eva Hrönn Jónsdóttir aðstoðarleikskólastjóri og Hanna Rut Samúelsdóttir deildarstjóri, auk Jóhönnu Þórhallsdóttur leikskólastjóra.

Innan leikskólans voru mynduð fjögur teymi sem samanstóðu af kennurum hverrar deildar. Hvert teymi var með eitt forgangsverkefni þar sem markmiðið var að ná betur utan um núverandi námsmat í skólanum. Þá var ákveðið að gera námsmatshandbók fyrir leikskólann þar sem fram kæmu verkferlar og annað sem nauðsynlegt er að sé skýrt varðandi námsmat í leikskólanum. Einnig getur handbókin veitt foreldrum upplýsingar varðandi námsmat.

Í handbókinni er farið yfir: Orðaskil, TRAS, Hljóm-2, Ferilmöppur, Umhverfisgátlista, Skógarbók, Hreyfiþroskamat, Uppeldisfræðilega skráningu, Könnunaraðferðina og Skólaskil.

Námsmatshandbókin er fyrst gefin út vorið 2018 en er lifandi plagg og skal endurskoðuð á hverju skólaári.

# Orðaskil

Orðaskil er málþroskapróf fyrir börn á aldrinum 1½ til 3 ára. Prófinu er ætlað að mæla orðaforða barnanna svo og vald þeira á beygingarkerfi og setningargerð málsins. Einnig notað við greiningu og meðferð málmeina ungra barna.

Í Árborg er prófið lagt fyrir foreldra allra 2, 9 ára leikskólabarna og er notast við styttri útgáfu prófsins.

## Verkferlar við orðaskil

| |
|---|
| **Framkvæmd:**<br>Þegar barn er 2 ára og 9 mánaða fá foreldrar eyðublaðið með sér heim og hafa viku til að fylla það út.<br><br>Mikilvægt að deildarstjóri sé með yfirlit yfir hvenær á að afhenda foreldrum prófið, hvenær þeir taka við því og hvenær þeir eiga að afhenda aftur. |
| **Niðurstöður:**<br>Kennari reiknar út úr prófinu samkvæmt leiðbeiningum handbókar og í excelskjali sem er á sameiginlega svæðinu > gæðamál > sérkennsla > orðaskil > orðaskil – frumrit.<br><br>Kennari fyllir út niðurstöðublað til foreldra (sjá fylgiskjal 3 og á sameiginlega svæðinu > gæðamál > sérkennsla > orðaskil > skilablað til foreldra) og boðar foreldra í viðtal þar sem farið er yfir niðurstöður orðaskila og hvað gert er í framhaldinu. |
| **Eftirfylgd:**<br>Ef barn kemur út einu staðalfráviki eða meira fyrir neðan meðallag er farið í einhverskonar íhlutun.<br><br>Niðurstöður eru skoðaðar í samhengi við TRAS skráningu og fleiri gagna aflað ef þarf. |
| **Leiðir til íhlutunar:**<br>Íhlutun getur falið í sér orðaforðakennslu, tilvísun til talmeinafræðings og allt þar á milli.<br><br>Orðaforðalistinn |

# TRAS

TRAS er skráningaraðferð til notkunar fyrir leikskólakennara til að fylgjast með málhegðun og málþróun tveggja til fimm ára barna. TRAS er ekki málþroskapróf heldur skráningartæki.

Í TRAS er verið að skoða samleik/félagsfærni, tjáskipti/samskipti, athygli/einbeiting, málskilning, málvitund, framburð, orðaforða og setningamyndun 2-5 ára barna.

Í TRAS skoðum við eftirfarandi námsþætti;

- Heilbrigði og vellíðan; að sýna umhyggju, að sýna tilfinningalegt jafnvægi, að eiga jákvæð samskipti, að njóta félagslegra tengsla
- Sköpun og menning; að finna til ánægju og gleði yfir eigin sköpunarkrafti, að njóta bókmennta, þula, söngs og ævintýra, að læra texta og taka þátt í söng, að skapa og tjá upplifun sína svo sem í myndlist, tónlist, dansi og leikrænni tjáningu.

## Verkferlar við TRAS

| |
|---|
| **Framkvæmd:**<br>TRAS er fyllt út á 6 mánaða fresti, 2 mánuðum eftir að barn á afmæli og aftur 6 mánuðum seinna. Kennari með TRAS réttindi fyllir út TRAS með aðstoð þess starfsmanns/kennara sem er mest með barnið.<br><br>Í fylgiskjali 4 má sjá eyðublað sem gott er að nota við útfyllingu TRAS, eitt eintak fyrir hvert barn sem fylgir því út skólagönguna. Blaðið auðveldar okkur að sjá þróun hjá barninu.<br><br>Ef börn eru ekki búin að fylla út í TRAS hringinn við 5 ára aldur á að nota gulan lit til að fylla út síðasta árið. |
| **Niðurstöður:**<br>Niðurstöður eru kynntar fyrir foreldrum í foreldraviðtali 2x á ári, fyrra viðtalið í kringum afmæli barnsins og seinna u.þ.b. 6 mánuðum síðar. |
| **Eftirfylgd:**<br>Þau börn sem koma mjög slök út í TRAS fá einstaklings- og eða hópþjálfun í þeim þáttum sem upp á vantar. |
| **Leiðir til íhlutunar:**<br>Málörvunarhópar |

## Hljóm-2

Hljóm-2 er athugun á hljóð- og málvitund leikskólabarna. Það er próf í leikjaformi sem kannar hljóðkerfisvitund elstu barnanna í leikskólanum.

Prófið er til að meta hvar barnið stendur í hljóðkerfisvitund. Með hljóðkerfisvitund er átt við að barnið geri sér grein fyrir að tungumál hefur ákveðið form og það skiptir ekki bara máli hvað er sagt, heldur einnig hvernig það er sagt. Sterk tengsl eru milli hljóðkerfisvitundar og málþroska. Rannsóknir sýna að börn sem eru með lestrarerfiðleika hafa yfirleitt slaka hljóðkerfisvitund.

Í Hljóm-2 er verið að prófa rím, samstöfur, samsett orð, hljóðgreiningu, margræð orð, orðhlutaeyðingu og hljóðtengingu.

Með Hljóm-2 metum við eftirfarandi námsþætti:

- Læsi og samskipti; að leita eftir merkingu orða og orðasambanda, rími og að átta sig á hljóðum stafa.
- Sköpun og menning; að njóta bókmennta, þula, söngs og ævintýra.

### Verkferlar við Hljóm-2

| |
|---|
| **Framkvæmd:**<br>Kennari á deildinni með Hljóm-2 réttindi tekur prófið á öllum börnunum að hausti (sept-okt). |
| **Niðurstöður:**<br>Kennari reiknar úr prófinu og setur á niðurstöðublað |
| **Eftirfylgd:**<br>Þau börn sem þurfa aukna aðstoð fara í Hljóm-2 hópa, 3x í viku í 7 vikur.<br><br>Leikir og spil sem þjálfa hljóðkerfisvitund eru sett inn í námsáætlun og allir hópar/hópstjórar að gera það sama.<br><br>Hljóm-2 er síðan endurtekið eftir þessar 7 vikur hjá þeim börnum sem komu út í slakri eða mjög slakri færni. |
| **Íhlutun:**<br>Hljómhópar 3x í viku fyrir þá sem koma út í slakri eða mjög slakri færni.<br><br>Ef mjög slök færni þá er skoðað hvort senda eigi tilvísun strax til talmeinafræðings |

## Ferilmappa

Ferilmappa segir sögu barns í leikskólanum, hún er í senn safn af verkum barnsins og námsferill þess. Ferilmappan á alltaf að vera aðgengileg fyrir barnið og þegar barn hættir eða útskrifast úr leikskólanum fær það innihald möppunnar.

Ferilmappan á að meta líðan barnsins og þátttöku þess í leik og starfi. Virkni barnsins, forvitni og þekkingarleit svo og þátttöku þess í nærsamfélaginu.

Söfnunarmappan er stórt umslag úr Kartoni ca A2 merkt hverju barni. Þar er verkum barrnsins safnað þar til hópstóri tekur valin verk í ferilmöppuna. Barnið velur verkin með hópstjóra. Þau verk sem ekki fara í ferilmöppuna fara heim með barninu að vori.

Með ferilmöppu metum við eftirfarandi námsþætti;

- Sköpun og menning; finna til ánægju og gleði yfir eigin sköpunarkrafti, taka virkan þátt í að móta menningu leikskólans með hátíðum og viðburðum sem tengjast barnamenningu
- Læsi og samskipti; leysa úr ágreiningi við jafningja á friðsamlegan hátt, vinna úr reynslu sinni í leik og skapandi starfi, tjá sig með fjölbreyttum hætti, leita eftir merkingu orða og orðasambanda ríma og átta sig á hljóðum stafa, njóta þess að hlusta á og semja sögur, velta vöngum yfir eigin samfélagi og menningu og menningu annara þjóða.
- Sjálfbærni og vísindi; skilja hringrásir og ýmis fyrirbæri í náttúrunni, átta sig á margvíslegum auðlindum náttúrunnar, velta vöngum yfir nýtingu náttúrunnar, vinna með lífverur í umhverfinu og lífshætti þeirra, vinna með eðli ýmissa krafta og birtingarmyndir þeirra í umhverfinu, skoða eiginleika ýmissa efna og hluta, velta vöngum yfir möguleikum og takmörkunum tækninnar, átta sig á rými fjarlægðum og áttum.

### Verkferlar við Ferilmöppu – er í vinnslu

| |
|---|
| <u>1. Árið mitt í leikskólanum</u><br>Milliblað fyrir hvert leikskólaár.<br>• útprentuð mynd af hverjum hóp + hópstjóra með nöfnum og hópmynd – þegar ég var á.....<br>• Skrá sterkar hliðar,<br>• hvað barnið hefur gaman af að gera,<br>• ljósmyndir á 1 A4 blað á haustönn<br>• 1 A4 blað á vorönn þar sem barnið er í leik og starfi eitt eða með öðrum börnum/í samskiptum við önnur börn<br>• setjast niður með börnum og skrá frásagnir/námssögur<br>• skráningar skulu vera áhugarverðar og jákvæðar<br>• teikningar 2-3 stk á haustönn<br>• teikningar 2-3 stk á vorönn, myndverk af ýmsum toga, allt vel merkt, dags. Efnistök<br>• Hópstjóri grófflokkar verk barnanna, sest síðan með hverju barni þar sem barnið velur með hinum fullorðna yfir samræðum þeirra hvað fer í ferilmöppuna<br>• 1 þula með fyrir hvert ár. |
| <u>2. árið mitt í leikskólanum</u><br>Milliblað fyrir hvert leikskólaár.<br>• Hópmynd af/með öllum börnum deildarinnar og starfsmönnum. Nöfn barna og starfsmanna.<br>• Nokkrar ljósmyndir af viðkomandi barni í ólíkum aðstæðum og viðfangsefni sem lýsa leikskólalífi barnsins vel.<br>• Verk/ljósmyndir af þemaverkefni vetrarins. |

| |
|---|
| • Fjórar til fimm teikningar sem lýsa þróun teikninga barnsins yfir veturinn (trélitir, vaxlitir, tússlitir, vatnslitir).<br>• 2-3 önnur verk, myndsköpun sem varnið hefur unnið með fjölþættri tækni.<br>• Gott að setja ljósmynd af vinnuferli einstakra þátta með myndiverki barnsins í einstökum tilfellum t.d. þemavinnu. |
| 3. árið mitt í leikskólanum |
| 4. árið mitt í leikskólanum |

## Umhverfisgátlisti

Umhverfismat og gátlistar ætlaðir nemendum er hluti af endurskoðun og þróun á Grænfánaverkefni Skóla á grænni grein. Starfsmenn Skóla á grænni grein, í samstarfi við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla hafa þróað nýtt umhverfismat sem er ætlað að auðvelda nemendum að framkvæma mat á stöðu umhverfismála í skólanum sínum. Hægt að finna það á þessari síðu:

http://graenfaninn.landvernd.is/Thatttaka/Umhverfisgatlisti

Með umhverfisgátlista metum við eftirfarandi námsþætti;

- Sjálfbærni og vísindi; velta vöngum yfir umgengni sinni og bera virðingu fyrir náttúrulegu og manngerðu umhverfi, átta sig á því hvernig vistspor þeirra og nærsamfélags geta stuðlað að sjálfbærri þróun, skilja hringrásir og ýmis fyrirbæri í náttúrunni.

## Verkferlar við umhverfisgátlista

| |
|---|
| Framkvæmd:<br><br>Yngri nemendur framkvæma matið með aðstoð kennara, sem les spurningar og leiðbeinir þeim. Listarnir eru ekki tæmandi og er það í sjálfsvald sett hvort að gátlistinn sé notaður í heild sinni, að hluta eða að notaðar séu aðrar spurningar/mælingar en koma fyrir á gátlistanum. |
| Niðurstöður:<br><br>Þegar búið er að fara yfir listann ættu nemendur og starfsfólk að sjá betur hvernig er staðið að málunum innan skólans í þemanu. Sú þekking ætti að auðvelda nemendum og kennurum að ákveða hvaða þema skuli taka fyrir og hvaða markmið eru brýnust. |
| Eftirfylgd:<br><br>Hluti af því að fá endurnýjun á grænfána er að skila inn einu verkefni í sameiginlega verkefnakistu sem er inni á síðunni **http://graenfaninn.landvernd.is/Thatttaka/Umhverfisgatlisti** |
| **Leiðir til íhlutunar:** |

## Skógarbókin

Á hverri deild er skógarbók sem annað hvort er í formi stílabókar sem skrifað er í eða límt inn í, möppu sem sett er inn í eða Ipad.

Í skógarbókina er skrifað eftir hverja skógarferð og er það sýnilegt foreldrum, börnum og starfsfólki.

Með skógarbókinn metum við eftirfarandi námsþætti:

- Læsi og samskipti; nálgast upplýsingar með ólíkum leiðum og móta sér hugmyndir um þær

### Verkferlar við skógarbók

| |
|---|
| **Framkvæmd:**<br>Eftir hverja skógarferð er skrifað niður hvenær farið var í skógarferðina, hvað gert var í ferðinni og hverjir fóru. Yfirleitt eru prentaðar út myndir líka. |
| **Niðurstöður:**<br>Skógarbókin er sýnileg foreldrum, börnum og starfsfólki. |
| **Eftirfylgd:**<br>Mjög gott er að nota skógarbókina til að koma af stað umræðum meðal barnanna, bæði fyrir foreldra og starfsfólk.<br>Starfsfólk getur notað skógarbókina til að meta skógarferðina út frá uppeldisfræðilegri skráningu. |
| **Leiðir til íhlutunar:** |

## Hreyfirþroskamat

Í fylgiskjali 7 má sjá hreyfiþroskamat, grófhreyfingar. Matið er unnið að hluta til upp úr AEPS grófhreyfingamatslistanum og skráningin er hugsuð á svipaðan hátt og TRAS þar sem merkt er við eftir litum og aldri.

### Verkferlar við hreyfiþroskamat

| |
|---|
| **Framkvæmd:**<br>Tvisvar á ári er skráð í matið, á sex mánaða fresti. 2 ára eru blá, 3 ára eru rauð, 4 ára eru græn og 5 ára eru gul. |
| **Niðurstöður:**<br>Niðurstöður matsins eru nýttar til að skipuleggja hreyfingu, hvaða þætti þarf að bæta o.s.frv. bæði á einstaklingsgrundvelli og einnig heilt yfir barnahópinn.<br>Niðurstöðurnar er einnig hægt að nýta í foreldraviðtölum. |
| **Eftirfylgd:**<br>Ef „göt“ eru í listanum er viðkomandi þáttur þjálfaður og skráð þegar þættinum er náð.<br>Ef þörf er á þá er skoðað hvort eigi að senda frekari tilvísanir til iðjuþjálfa/sjúkraþjálfa. |
| **Leiðir til íhlutunar:**<br>Aukin hreyfing í sal.<br>Þátturinn tekinn inn til þjálfunar í allt daglegt starf.<br>Ef þurfa þykir þá vísað til iðjuþjálfa/sjúkraþjálfa |

## Skólaskil

Þegar börn fara milli skóla eða skólastiga skila kennarar skólans útfylltu eyðublaði til viðtökuskóla. Eyðublaðið má sjá á fylgiskjali 6.

| |
|---|
| **Framkvæmd:**<br>Deildarstjóri fyllir út eyðublaðið fyrir hvert barn og ljósritar öll þau fylgiskjöl sem þurfa að fylgja með frá sérfræðingum. |
| **Niðurstöður:**<br>Foreldrar eru boðaðir í viðtal þar sem farið er yfir blaðið og þær upplýsingar sem þar koma fram og jafnframt skrifa þeir undir og samþykkja þar með þau gögn sem fylgja barninu yfir í annan skóla.<br>Leikskólastjóri og deildarstjóri skrifa einnig undir eyðublaðið.<br>Ef þurfa þykir er sérkennslustjóri viðstaddur þetta foreldraviðtal. |
| **Eftirfylgd:**<br>Eftir undirskift er eyðublaðið ljósritað og afhent viðtökuskóla ýmist á skilafundi eða eftir öðrum leiðum. Frumritið er geymt í leikskólanum |
| **Leiðir til íhlutunar:** |

## Fylgiskjal 1 – kynningarbréf um Orðaskil

Sveitarfélagið
ÁRBORG

Selfossi, 25. febrúar 2016

Til foreldra leikskólabarna í Árborg

**Orðaskil – málþroskapróf**

Á haustmánuðum 2015 var tekin sú ákvörðun, á samstarfsfundi starfsfólks skólaþjónustu og leikskólastjóra, að á árinu 2016 yrði skimunartækjum í leikskólum Árborgar fjölgað með því að taka í notkun málþroskaprófið Orðaskil. Höfundur þess er Elín Þöll Þórðardóttir, talmeinafræðingur.

Málþroskaprófið byggir á orðaforðagátlista fyrir börn á aldrinum eins og hálfs til þriggja ára. Prófinu er ætlað að mæla orðaforða barna svo og hvort þau hafa náð valdi á beygingarkerfi og setningagerð. Skólar og skólaþjónusta í Árborg leggja áherslu á snemmtækt mat á stöðu barna með aukinni notkun skimunartækja í leik- og grunnskólum og skipuleggja sem fyrst viðeigandi þjálfun og kennslu út frá niðurstöðum skimunarprófa.

Þegar er byrjað að leggja Orðaskil fyrir og áætlað er að það verði gert einu sinni á leikskólagöngu barns á bilinu 2,9 ára til 3,0 ára. Ef barn mælist einu staðalfráviki eða meira frá meðaltali í orðaforða eða setningagerð jafnaldra er veitt viðeigandi íhlutun. Farið verður yfir niðurstöður í foreldraviðtölum.

Virðingarfyllst,

Þorsteinn Hjartarson
fræðslustjóri

# Fylgiskjal 2 – Excelskjal fyrir Orðaskilsútreikninga

Nafn barns:

| | ár | mánuður | dagur |
|---|---|---|---|
| Prófdagur: | | | |
| fæðingardagur | | | |
| aldur | | | |

| | Orðaforðagátlisti | Heildarfjöld | Stig barns | % | samtals stig |
|---|---|---|---|---|---|
| 1. | Dýr (lifandi eða leikföng) | 40 | | 0% | 0 |
| 2. | Farartæki (alvöru eða leikfö | 21 | | 0% | 0% |
| 3. | Leikföng | 17 | | 0% | |
| 4. | Matur og drykkur | 62 | | 0% | |
| 5. | Föt | 31 | | 0% | |
| 6. | Líkamshlutar | 29 | | 0% | |
| 7. | Búsáhöld | 51 | | 0% | |
| 8. | Húsgögn og herbergi | 33 | | 0% | |
| 9. | Utan dyra | 33 | | 0% | |
| 10. | Staðir | 21 | | 0% | |
| 11. | Fólk | 31 | | 0% | |
| 12. | Fastir liðir og leikir | 27 | | 0% | |
| 13. | Sagnir | 121 | | 0% | |
| 14. | Lýsingar- og áhersluorð | 65 | | 0% | |
| 15. | Orð um tíma | 21 | | 0% | |
| 16. | Fornöfn | 30 | | 0% | |
| 17. | Spurnarorð | 8 | | 0% | |
| 18. | Orð um staðsetningu | 30 | | 0% | |
| 19. | Orð um fjölda og magn | 10 | | 0% | |
| 20. | Ýmis atviksorð | 12 | | 0% | |
| 21. | Hjálparsagnir | 2 | | 0% | |
| 22. | Samtengingar | 10 | | 0% | |
| | | 705 | 0 | | |

| Setningagerð | Stig barns | % |
|---|---|---|
| | | 0% |
| Heildarstig | 42 | |

**Stúlkur, orðaforði**

| aldur | -1.5 | -1 | $\bar{x}$ | 1 | 1.5 |
|---|---|---|---|---|---|
| 18-19 | 0 | 0 | 97 | 195 | 248 |
| 20-21 | 5 | 57 | 216 | 375 | 449 |
| 22-23 | 39 | 114 | 303 | 492 | 580 |
| 24-25 | 88 | 173 | 366 | 559 | 654 |
| 26-27 | 148 | 233 | 412 | 592 | 687 |
| 28-29 | 216 | 295 | 449 | 604 | 693 |
| 30-31 | 291 | 358 | 484 | 610 | 693 |
| 32-33 | 368 | 423 | 524 | 624 | 693 |
| 34-35 | 446 | 490 | 575 | 660 | 694 |
| 36 | 501 | 542 | 626 | 703 | 705 |

**Stúlkur, setningagerð**

| aldur | -1.5 | -1 | $\bar{x}$ | 1 | 1.5 |
|---|---|---|---|---|---|
| 18-19 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| 20-21 | 0 | 0 | 3 | 7 | 10 |
| 22-23 | 0 | 0 | 8 | 16 | 20 |
| 24-25 | 0 | 2 | 12 | 23 | 28 |
| 26-27 | 1 | 5 | 16 | 29 | 34 |
| 28-29 | 4 | 8 | 21 | 33 | 39 |
| 30-31 | 7 | 13 | 25 | 37 | 42 |
| 32-33 | 12 | 18 | 29 | 40 | 42 |
| 34-35 | 18 | 24 | 34 | 42 | 42 |
| 36 | 24 | 28 | 37 | 42 | 42 |

**Drengir, orðaforði**

| aldur | -1.5 | -1 | $\bar{x}$ | 1 | 1.5 |
|---|---|---|---|---|---|
| 18-19 | 0 | 0 | 36 | 88 | 112 |
| 20-21 | 6 | 32 | 126 | 215 | 262 |
| 22-23 | 33 | 78 | 202 | 320 | 383 |
| 24-25 | 65 | 125 | 268 | 405 | 477 |
| 26-27 | 104 | 174 | 326 | 474 | 549 |
| 28-29 | 153 | 228 | 379 | 527 | 602 |
| 30-31 | 213 | 287 | 429 | 570 | 638 |
| 32-33 | 285 | 352 | 477 | 603 | 661 |
| 34-35 | 373 | 425 | 528 | 631 | 675 |
| 36 | 448 | 486 | 568 | 650 | 680 |

**Drengir, setningagerð**

| aldur | -1.5 | -1 | $\bar{x}$ | 1 | 1.5 |
|---|---|---|---|---|---|
| 18-19 | 0 | 0 | 0 | 1 | 1 |
| 20-21 | 0 | 0 | 1 | 5 | 7 |
| 22-23 | 0 | 0 | 4 | 10 | 13 |
| 24-25 | 0 | 0 | 7 | 15 | 19 |
| 26-27 | 0 | 2 | 11 | 21 | 25 |
| 28-29 | 1 | 5 | 15 | 26 | 32 |
| 30-31 | 3 | 8 | 20 | 31 | 37 |
| 32-33 | 6 | 12 | 24 | 36 | 42 |
| 34-35 | 9 | 16 | 28 | 41 | 42 |
| 36 | 12 | 19 | 31 | 42 | 42 |

## Fylgiskjal 3 – niðurstöðublað til foreldra vegna Orðaskila

# Orðaskil

*Orðaskil er málþroskapróf fyrir börn á aldrinum eins til þriggja ára. Prófinu er ætlað að mæla orðaforða og færni ungra barna á beygingarkerfi og setningagerð málsins. Aldursviðmið fylgja prófinu, en með samanburði við þau er skoðað hvort málþroski barna á þessum aldri falli innan eðlilegra marka miðað við jafnaldra. Prófið skiptist í tvo hluta: Orðaforðagátlista og setningagerð (Elín Þöll Þórðardóttir, 1998).*

Nafn barns: ________________________________________ kt.: ________________________

Fyllt út af : _________________________________________ Dags. prófunar: _____________

Reiknað út af: _____________________________________ Aldur barns: _________________

**Kafli I-A - Orðaforðagátlisti**

Stigafjöldi í þessum kafla er sá fjöldi orða sem foreldrar hafa merkt við.

_____________ fékk samtals _____ orð.

Meðaltal orða hjá hjá ____drengjum ___stúlkum á ofangreindum lífaldri er __________ orð.

_____________ er með orðaforða: ___ í meðallagi __ undir meðallagi __yfir meðallagi.

**Kafli II-E – Setningagerð**

Í þessum kafla eru setningapör og er seinni setningin í hverju pari flóknari en sú fyrri á einhvern hátt. Gefið er fyrir þennan kafla með því að telja hversu oft foreldrar hafa merkt við seinni setninguna í setningapari. Hver setning sem foreldrar merkja við gefur eitt stig.

___________ fékk ____ stig.

Meðaltal setningagerða hjá __drengjum__ stúlkum á ofangreinum lífaldri er __ stig.

__________ er með setningagerðir: __ í meðallagi __ undir meðallagi __ yfir meðallagi.

**Niðurstöður**

Veikleikar koma fram í orðaforða barnsins ___

Veikleikar koma fram í setningargerð hjá barninu ___

Veikleikar koma fram í bæði orðaforða og setningagerð ___

**Hugmyndir að úrræðum**

 Heyrnarmæling

 Nánari skoðun á málþroska (*Íslenski smábarnalistinn, TRAS, AEPS).*

 Tilvísun til talmeinafræðings.

 Tilvísun til sálfræðings eða skólaþjónustu.

 Stuðningstímar og einstaklingsáætlun út frá niðurstöðum. Skilgreind málörvun út frá þörfum barnsins.

 Viðtal við foreldra/ráðgjöf varðandi málörvun/heimavinnu.

 Samvinna/teymisvinna (foreldrar, leikskóli, aðrir eftir þörfum).

 Fylgja eftir áherslum í málörvun inni á deild, í útiveru, matartíma og samverustundum.

 Val á viðeigandi bókum.

Dags.______________

Undirskrift deildarstjóra/sérkennslustjóra

_______________________________________

## Fylgiskjal 4 – TRAS eyðublað

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | |
| Samleikur/félagsfærni | | | | | |
| 1. hefur barnið áhuga á að leika sér við aðra? (barn/fullorðinn) | | | | | |
| 2. sækist barnið eftir því að hjálpa til við ýmis störf? | | | | | |
| 3. á barnið frumkvæði að jákvæðum samskiptum? | | | | | |
| 1. getur barnið fylgt reglum í leik sem fullorðinn stýrir? | | | | | |
| 2. tekur barnið því að önnur börn sýni því áhuga sem það er sjálft upptekið af? | | | | | |
| 3. getur barnið tekið leiðbeiingum með því að herma eftir öðrum? | | | | | |
| 1. getur barnið tekið þátt í samleik í jafn langan tíma og jafnaldrar (20-30 mín)? | | | | | |
| 2. tekur barnið þátt í hlutverkaleik? | | | | | |
| 3. fylgir barnið félagslegum leikreglum? | | | | | |
| | | | | | |
| Tjáskipti/samskipti | | | | | |
| 1. lætur barnið í ljós að fyrra bragði þörf fyrir að tjá sig? t.d. Með svipbr. látbr. orðum | | | | | |
| 2. tjáir barnið sig með orðum við aðra að eigin frumkvæði? | | | | | |
| 3. getur barnið haldið uppi samræðum, stutta stund í einu (a.m.k. 3 setningar)? | | | | | |
| 1. notar barnið málið í eðlilegu samhengi við það sem er að gerast? | | | | | |
| 2. getur barnið haldið uppi samræðum í dálitla stund (a.m.k. 3-4 mín.)? | | | | | |
| 3. getur barnið tjáð óslir sínar, tilfinningar og þarfir með orðum? | | | | | |
| 1. er ákveðið samhengi í frásögn barnsins? | | | | | |
| 2. getur barnið tjáð sig skiljanlega og tekið svörum viðmælanda? | | | | | |
| 3. getur barnið farið með stuttar vísur/gátur? | | | | | |
| | | | | | |
| Athygli/einbeitning | | | | | |
| 1. getur barnið beint athygli að ákveðnu verkefni? t.d. púsla, mála, kubba | | | | | |
| 2. getur barnið haldið athygli við verkefni í dálitla stund (a.m.k. 3 mín.)? | | | | | |
| 3. finnst barninu gaman að láta lesa fyrir sig? | | | | | |
| 1. getur barnið haldið sig við sjálfvalið verkefni? | | | | | |
| 2. getur barnið setið kyrrt á sínum stað ef til þess er ætlast? | | | | | |
| 3. getur barnið beðið eftir að röðin komi að því án þess að missa athyglina? | | | | | |
| 1. getur barnið haldið athygli við verkefni í lengri tíma (a.m.k. 20-30 mín)? | | | | | |
| 2. getur barnið leikið sér án þess að trufla aðra? | | | | | |
| 3. tekur barnið þátt í frjálsum leik líkt og jafnaldrar? | | | | | |
| | | | | | |
| Málskilningur | | | | | |
| 1. getur barnið bent á algenga hluti? t.d. bíll, dúkka, húfa, stóll, hús o.fl. | | | | | |
| 2. fylgir barnið einföldum fyrirmælum: t.d. settu kubbinn í kassann | | | | | |
| 3. getur barnið fundið réttan hlut þegar sagnorð eru notuð í fyrirm.? úr hverju dr. við | | | | | |

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1. getur barnið flokkað hluti eftir yfirhugtökum? t.d. Föt, leikföng, matur, dýr | | | | | |
| 2. skilur barnið setningar sem innihalda forsetningar? t.d. Settu bílinn undir stólinn | | | | | |
| 3. þekkir barnið minnst þrjú til fjögur litaheiti? | | | | | |
| 1. skilur barnið stigbreytingu lýsingarorða? t.d. Stór, minni, stærstur | | | | | |
| 2. skilur barnið málsgreinar með neitun í aukasetningu? | | | | | |
| 3. getur barnið útskýrt orð yfir algenga hluti? hvað er bók? hvað er litur? | | | | | |
| | | | | | |
| Málvitund | | | | | |
| 1. Sýnir barnið áhuga þegar þið skoðið saman myndabækur? | | | | | |
| 2. tekur barnið þátt í leikjum með rím og stuttar þulur? | | | | | |
| 3. Tekur barnið þátt í söngstundum? | | | | | |
| 1. man barnið rímleiki og söngva sem oft er farið í? | | | | | |
| 2. tekur barnið þátt í að ríma? | | | | | |
| 3 getur barnið með hjálp mynda greint mun á líkum orðum? | | | | | |
| 1. kann barnið að ríma? | | | | | |
| 2. getur barnið aðgreint fyrsta hljóð í orðum? | | | | | |
| 3. getur barnið skrifað nafnið/gælunafnið sitt? | | | | | |

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Framburður | | | | | |
| 1. er tiltölulega auðvelt að skilja barnið? | | | | | |
| 2. getur barnið borið fram orð með /m/, /n/, /b/, /d/, /l/ | | | | | |
| 3. ber barnið orð yfirleitt skýrt fram? | | | | | |
| 1. getur barnið borið fram /k/, /g/ rétt í orðum? t.d. koddi, kaka, gott, egg | | | | | |
| 2. notar barnið /s/, /f/, og /v/ rétt fremst í orðum? t.d sól, fáni, vinur | | | | | |
| 3. getur barnið borði fram öll atkvæði í þriggja atkvæða orðum? löggubíll, litabók, afmæli | | | | | |
| 1. getur barnið borið rétt fram samhljóðaklasa í orðum? ljón, klukka, veski, blóm, hlaupa | | | | | |
| 2. ber barnið /s/ hljóðið rétt fram? | | | | | |
| 3. ber barnið /r/ hljóðið rétt fram? | | | | | |
| | | | | | |
| Orðaforði | | | | | |
| 1. notar barnið algeng orð yfir hluti? t.d. bolti, skór húfa | | | | | |
| 2. Notar barnið algeng sagnorð? t.d. moka, detta, sofa, taka | | | | | |

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 3. notar barnið fornafn þegar það talar um sjálft sig? t.d. ég, mig, mitt, mín | | | | | |
| 1. notar barnið nafnorð í fleirtölu? t.d. Bíll-bílar, stelpa-stelpur | | | | | |
| 2. notar barnið spurnarorð? t.d. hvar, hver, hvað | | | | | |
| 3. notar barnið þátíð sagna? t.d. borða-borðaði, keyra- keyraði | | | | | |
| 1. notar barnið litaheiti með naforðum? t.d. rauður bíll, gult hús | | | | | |
| 2. er barnið farið að nota yfirhugtök í töluðu máli? t.d. (hús)dýr, útiföt, matur | | | | | |
| 3. notar barnið orð yfir form, stærð og fjölda? t.d. hringur, stórt, lítið, tveir, margir | | | | | |
| | | | | | |
| Setningamyndur | | | | | |
| 1. notar barnið tveggja til þriggja orða setningar (yrðingar)? t.d. mamma koma, illt í maga | | | | | |
| 2. er barnið farið að spyrja spurninga (með hljómfalli eða orðum)? Hvað þetta (ka etta) | | | | | |
| 3. notar barnið yrðingar með nei eða ekki? t.d. ekki fara út, má ekki taka bílinn | | | | | |
| 1. getur barnið myndað allt að fjögurra orða setningu með réttri orðaröð? | | | | | |
| 2. notar barnið forsetningar í setningu? t.d. í, á, undir, fyrir aftan, uppi | | | | | |
| 3. er barnið farið að tengja saman setningar með og/en? ég hafa bláu kubbana en þú rauðu | | | | | |
| 1. er barnið farið að nota hvernig og afhverju/hvers vegna spurningar? | | | | | |
| 2. getur barnið myndað setningar um það sem hefur gerst eða getur gerst? | | | | | |
| 3. notar barnið af því að setningar? | | | | | |

## Fylgiskjal 5 – Niðurstöðublað til foreldra/skóla vegna Hljóm-2

# Niðurstöður úr Hljóm-2

| Flokkar | Stig | Mjög slök færni | Slök færni | Meðal færni | Góð færni |
|---|---|---|---|---|---|
| 1. Rím | | | | | |
| 2. Samstöfur | | | | | |
| 3. Samsett orð | | | | | |
| 4. Hljóðgreining | | | | | |
| 5. Margræð orð | | | | | |
| 6. Orðhlutaeyðing | | | | | |
| 7. Hljóðtenging | | | | | |
| Samtala | | | | | |

**Rím:** Að finna rím felur í sér flokkun hljóða. Barnið verður að rannsaka form málsins þegar það finnur hvaða orð rímar eða rímar ekki. Í þessum þætti reynir bæði á sundurgreiningu og samtengingu hljóða sem og heyrnræna úrvinnslu.
**Dæmi um rím:** Hvað rímar við orðið mús = ól-**hús**-nál

**Niðurstaða:**___stig af 12 mögulegum sem flokkast sem __**færni**

**Niðurstöður rannsóknarinnar á bakvið Hljóm–2 sýna sterka fylgni þessa þáttar við lestrarfærni bæði við lok 1. og 2. bekkjar.**

**Samstöfur:** Þessi leikni er góður undirbúningur fyrir síðari greiningu málhljóða. Samstöfur (atkvæði) orða eru fundnar eftir ákveðnu hljómfalli. Þetta reynir jafnframt á ákveðna samhæfingu hjá barninu þegar fella þarf klappið að heyrnrænum hrynjanda orðs.
**Dæmi um samstöfu:** Hvað eru mörg klöpp (atkvæði) í orðinu kisa? = 2 klöpp

**Niðurstaða:** _____stig af 8 mögulegum sem flokkast sem __**færni**
Sem segir okkur að barnið hefur áttað sig á að hægt er að skipta orðum í orðhluta eftir ákveðinni hrynjanda. **Í þessum þætti er meðal færni hæsta færnin sem hægt er að fá.**

**Samsett orð:** Þessi þáttur reynir ekki bara á hljóðkerfisvitund heldur einnig á aðra þætti málmeðvitundar s.s. orðaforða, heyrnrænt minni, málfræði og merkingarfræðivitund sem og ályktunarhæfni. Til þess að geta sett tvö orð saman þarf barnið að nota málmeðvitund sína til að laga sig að reglum tungumálsins m.a. hljóð- og beygingarfræðilega.
**Dæmi um samsett orð:** Hvaða orð býrðu til ef þú setur saman orðin lauf og blað? = laufblað.

**Niðurstaða:** ___**stig** af 10 mögulegum sem flokkast sem ____**færni**

**Niðurstöður rannsóknarinnar á bakvið Hljóm–2 sýna góða fylgni við lestrarfærni bæði í 1. og 2. bekk.**

**Hljóðgreining:** Hér reynir á hvort barnið sundurgreini hljóð í orðum. Til þess þarf barnið að hafa þróað með sér góða hljóðkerfisvitund og jafnframt að geta greint að innihald og form orðsins. Barnið þarf því að geta áttað sig á því að þótt hljóðið sem mús gefur frá sér sé ííí eða tíst þá heyrist samt hljóðið /m/ fyrst í orðinu mús.
**Dæmi um hljóðgreiningu:** Heyrist hljóðið /m/ í gult?

**Niðurstaða:** _____stig af 15 mögulegum sem flokkast sem ____**færni**

**Niðurstöður rannsóknarinnar á bakvið Hljóm–2 sýna sterka fylgni þessa þáttar við lestrarfærni í 1. bekk enda er hæfni til hljóðgreiningar forsenda lestrarnáms.**

# Niðurstöður úr Hljóm-2

| |
|---|
| **Margræð orð:** Í þessum þætti reynir á að geta aðgreint innihald orðs frá hljóðrænu formi þess. Einnig að átta sig á að tengja orðin ekki saman eftir myndrænu formi heldur eiga orðin að hljóma (næstum) eins. Þátturinn reynir bæði á hljóðkerfis- og málvitund en einnig á sjón- og heyrnræna úrvinnslu, ályktunarhæfni sem og rökvísi. Orðin sem tengjast myndunum reyna á hæfni barnsins til að greina aðalatriði frá heild og aðgreina innihald og merkingu frá huglægum og hlutlægum formum.<br>**Dæmi um margræð orð:** Hvaða orð nota sama orðahluta?: Diskur – jakki – geisladiskur – brauð = diskur - geisladiskur |
| **Niðurstaða:** ________stig af 8 mögulegum sem flokkast sem __**færni** |

| |
|---|
| **Orðhlutaeyðing:** Þarna reynir ekki bara á hljóðkerfisvitund og tilfinningu fyrir formi málsins heldur einnig á aðra þætti málmeðvitundarinnar s.s. orðaforða, heyrnrænt minni, málfræðivitund, merkingarfræðivitund og ályktunarhæfni. Góður orðaforði og skammtímaminni hjálpa líka.<br>**Dæmi um orðhlutaeyðingu:** Hvaða orð verður eftir ef þú tekur barn burt af barnarúm? = rúm. |
| **Niðurstaða:** ___stig af 10 mögulegum sem flokkast sem __**færni**<br>Sem segir okkur að barnið átti sig alveg á merkingabæru innihaldi beggja hluta samsetta orðsins og getur greint á milli orðsins og hlutarins sem það stendur fyrir. |
| **Niðurstöður rannsóknarinnar á bakvið Hljóm–2 sýna góða fylgni við lestur í 2. bekk.** |

| |
|---|
| **Hljóðtenging:** Í þessum þætti reynir á hljóðkerfisvitund barnsins ekki síst hljóðvitund. Hljóðvitund er skilgreind sem hæfni er krefst þekkingar á að orð eru samsett úr röð hljóða og skynjunar á hljóðrænni uppbyggingu orðanna.<br>**Dæmi um hljóðtengingu:** Hvaða orð er þetta? / M/ - /á/ - /l/. |
| **Niðurstaða:** __stig af 8 mögulegum sem flokkast sem __**færni** |

______________________________
Leikskólakennari

# Fylgiskjal 6 – Skólaskilsblað

Sveitarfélagið ÁRBORG

**Trúnaðarmál**

## Skólaskil frá leikskóla í… leikskóla/grunnskóla

Upplýsingar frá leikskólanum/deild______________________________

Berist til leikskólans/grunnskólans______________________________

Nafn barns________________________ Kennitala____________

Lögheimili________________________ Sveitarfélag____________

Móðir/forráðam.________________________ Lögheimili ____________

Faðir/forráðam. ________________________ Lögheimili ____________

### Lýsing á núverandi stöðu barnsins:

**1. Félagsfærni-staða í samskiptum**

- ☐ Á vini
- ☐ Sýnir sjálfstjórn
- ☐ Leitar eftir aðstoð ef upp kemur vandi
- ☐ Getur leyst vandamál sem upp koma
- ☐ Semur vel við önnur börn

Lýsing: ________________________

**2. Að takast á við ný verkefni/aðstæður**

- ☐ Tilbúin (n)
- ☐ Varkár
- ☐ Þarf aðlögunartíma
- ☐ Fæst ekki til að reyna, er óörugg ( ur )

Lýsing: ________________________

**3. Einbeiting og úthald við verkefni**

- ☐ Mjög gott
- ☐ Gott
- ☐ Þarf að efla

Lýsing: ________________________

**4. Að taka fyrirmælum**

- ☐ Gengur vel einstaklingslega
- ☐ Gengur vel í hópi

Lýsing: ________________________

**5. Hreyfifærni**

| Grófhreyfingar | Fínhreyfingar |
|---|---|
| ☐ góðar | ☐ góðar |
| ☐ þarf að efla | ☐ þarf að efla |

**Sveitarfélagið Árborg Austurvegi 2 800 Selfoss**
Sími: 480 1900 Bréfsími: 480 1901 Netfang asthildur@arborg.is

2

**Trúnaðarmál**

**6. Veitt sérkennsla vegna**
- ☐ Frávika í hreyfiþroska
- ☐ Félagslegra samskipta eða hegðunar
- ☐ Líkamlegrar fötlunar
- ☐ Frávika í vitsmunaþroska
- ☐ Mál– eða talörðugleika
- ☐ Annars

Lýsing: ____________________________
____________________________________
____________________________________
____________________________________

**7. Hefur fengið þjálfun utan leikskóla**
- ☐ Iðjuþjálfun
- ☐ Sjúkraþjálfun
- ☐ Talþjálfun

____________________________________
____________________________________
____________________________________

**8. Athugasemdir sérfræðinga**

**Fylgir / fylgir ekki**
- ☐ ☐ Sérkennslustjóra/fulltrúa
- ☐ ☐ Sálfræðings
- ☐ ☐ Talmeinafræðings
- ☐ ☐ Iðjuþjálfa
- ☐ ☐ Barnalæknis/Heilsugæslu
- ☐ ☐ Greiningarstöðvar ríkisins
- ☐ ☐ Sjónstöðvar
- ☐ ☐ Þroska– og hegðunarstöð
- ☐ ☐ Heyrnar– og talmeinastöð Ísl.
- ☐ ☐ BUGL
- ☐ ☐ Öðrum, þá hverjum? ___________

____________________________________
____________________________________
____________________________________

**9. Hljóm –2**

Hljómpróf tekið - Dags.:____________

Færni:____________________

- - - - - - - - - - - - - - - - - - - - - -

Endurtekið - Dags.:____________

Færni:____________________

**10. TRAS**

____________________________________
____________________________________

**11. Styrkleikar**

____________________________________
____________________________________
____________________________________

**12. Veikleikar**

____________________________________
____________________________________
____________________________________

**13. Úrræði sem hafa gefist vel**

____________________________________
____________________________________
____________________________________
____________________________________

**14. Aðrar athugasemdir/ábendingar**

t.d. lyf eða frekari ábendingar

____________________________________
____________________________________
____________________________________
____________________________________

Árborg ____________ 20 _____

____________________________
Undirskrift foreldris

____________________________
Undirskrift leikskólastjóra og netfang

____________________________
Undirskrift deildarstjóra og netfang

**Sveitarfélagið Árborg Austurvegi 2 800 Selfoss**
Sími: 480 1900 Bréfsími: 480 1901 Netfang asthildur@arborg.is

# Fylgiskjal 7 – hreyfiþroskamat, grófhreyfingar

## Hreyfiþroski - grófhreyfingar

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | **2ja ára Grófhreyfingar:** | | | | | | | |
| | Boltaleikir | | | | | | | |
| | Sparkar í bolta | | | | | | | |
| | kastar bolta | | | | | | | |
| | kastar boltanum í áttina að einhverjum | | | | | | | |
| | Grípur stóran bolta ( cm) | | | | | | | |
| | Rúllar bolta | | | | | | | |
| | Rúllar bolta í áttina að einhverjum | | | | | | | |
| | Hoppar - skríður | | | | | | | |
| | Reynir að hoppa | | | | | | | |
| | Hoppar með stuðningi (haldið í hendur) | | | | | | | |
| | Hoppar eitt jafnfætis | | | | | | | |
| | Hoppar niður af lágum hlut | | | | | | | |
| | skríður/krossar | | | | | | | |
| | Hleypur - Gengur | | | | | | | |
| | Hleypur óhikað | | | | | | | |
| | Gengur óhikað á sléttu gólfi | | | | | | | |
| | Gengur á jafnvægisslá með stuðningi | | | | | | | |
| | Klifrar | | | | | | | |
| | Klifrar upp og niður af leiktækjum | | | | | | | |
| | Klifrar í rimlum | | | | | | | |
| | Fer upp og niður halla(klifrar upp hól eða rennibraut) | | | | | | | |
| | Fer undir, yfir og í gegnum hindranir | | | | | | | |
| | | | | | | | | |
| | **3. ára Grófhreyfingar:** | | | | | | | |
| | Kastar - Grípur | | | | | | | |
| | Kastar baunapoka í bala af 50 cm færi | | | | | | | |
| | Kastar bolta til einhvers | | | | | | | |
| | Grípur bolta 52 cm í ummál | | | | | | | |
| | Grípur bolta með báðum höndum | | | | | | | |
| | Hoppar | | | | | | | |
| | Hoppar á öðrum fæti | | | | | | | |

Click to add footer

## Hreyfiþroski - grófhreyfingar

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Hoppar á staðnum (Notar allan líkamann, lendir á báðum fótum án þess að detta) | | | | | | | |
| | | | | | | | | |
| | Jafnvægi - kraftur/styrkur | | | | | | | |
| | Langstökk jafnfætis 75 cm | | | | | | | |
| | Klifrar upp kaðalstiga | | | | | | | |
| | Handstaða með stuðningi | | | | | | | |
| | Heldur jafnvægi á einum fæti í að minnsta kosti 3 sek. | | | | | | | |
| | | | | | | | | |
| | Gengur | | | | | | | |
| | Gengur á skábraut 3 rim 62 cm | | | | | | | |
| | Gengur upp og niður stiga með víxlgöngu án þess að styðjast við | | | | | | | |
| | Gengur upp og niður stiga með víxlgöngu og styðst við | | | | | | | |
| | | | | | | | | |
| | **5. ára Grófhreyfingar:** | | | | | | | |
| | Bolta æfingar | | | | | | | |
| | Rekja bolta 4x | | | | | | | |
| | Grípur bolta 15 cm í þvermál með báðum höndum | | | | | | | |
| | Sparkar bolta með tist | | | | | | | |
| | Kastar bolta í áttina að einhverjum þannig að hinn sami gríp | | | | | | | |
| | Driplar stórum bolta (Boltinn þarf að vera u.þ.b. 20cm í þvermál og barnið að dripla a.m.k. tvisvar með því að nota flatan lófa) | | | | | | | |
| | | | | | | | | |
| | Hopp | | | | | | | |
| | valhopp | | | | | | | |
| | Valhoppar, fætur til skiptis a.m.k. 4 metar | | | | | | | |
| | Hoppar á öðrum fæti a.m.k. 5 sinnum | | | | | | | |
| | | | | | | | | |
| | Styrkur | | | | | | | |
| | Langstökk jafnfætis 100cm | | | | | | | |
| | Hindrunarhlaup 54cm | | | | | | | |
| | Klifrar upp kaðal | | | | | | | |
| | Klifrar upp rimla á höndum | | | | | | | |
| | Hnébeygja á slá | | | | | | | |

## Hreyfiþroski - grófhreyfingar

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Hoppar niður af lágum hlut | | | | | | | |
| | Hoppar af stól á dýnu | | | | | | | |
| | Hoppar jafnfætis á samastað | | | | | | | |
| | Hoppar jafnfætis áfram | | | | | | | |
| | Valhopp | | | | | | | |
| | Fimi - samhæfing | | | | | | | |
| | Hreyfir sig í takt við tónlist | | | | | | | |
| | Fer krossað upp rimla | | | | | | | |
| | Hleypur frjálst | | | | | | | |
| | Lendir fjaðrað | | | | | | | |
| | Lendir stífur | | | | | | | |
| | gengur með armsveiflu | | | | | | | |
| | Jafnvægi | | | | | | | |
| | Gengur á jörkunum | | | | | | | |
| | Gengur á jafnvægisslá með stuðningi | | | | | | | |
| | Stendur á öðrum fæti | | | | | | | |
| | | | | | | | | |
| | **4. ára Grófhreyfingar:** | | | | | | | |
| | Hleypur | | | | | | | |
| | Hindrunar hlaup 54 cm | | | | | | | |
| | Hleypur og forðast hindranir (Barnið getur stöðvað sig og beygt framhjá hindrunum) | | | | | | | |
| | Hleypur liðlega hendur sveiflast | | | | | | | |
| | | | | | | | | |
| | Kastar - grípur | | | | | | | |
| | Kastar með sveiflu | | | | | | | |
| | Grípur bolta 37 cm í ummál | | | | | | | |
| | Grípur bolta með báðum höndum (ekki nota búk) | | | | | | | |
| | | | | | | | | |
| | Hoppar | | | | | | | |
| | Sporhopp | | | | | | | |
| | Sporhopp samhliða hugsun ????? | | | | | | | |
| | Hoppar áfram jafnfætis, notar allan líkamann (lendir á báðum fótum án þess að detta) | | | | | | | |

## Hreyfiþroski - grófhreyfingar

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Stendur upp úr hnébeygju | | | | | | | |
| | Handstaða án stuðnings | | | | | | | |
| | Jarkaganga | | | | | | | |